

Nd.

67. Frumvarp

til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Fyrirsögnin á II. kafla laganna: »Um framfærslusveit« breytist í: Um framfærslurjett.

2. gr.

20. gr. laganna orðist svo :

Ríkið alt er sameiginlegt framfærslufjelag, og á hver sá, sem hefir islenskan ríkisborgararjett, framfærslurjett í dvalarsveit sinni.

3. gr.

21. gr., 22. gr., 23. og 24. gr. falli burtu.

4. gr.

Á eftir 20. gr. komi ný gr. :

Danskir ríkisborgarar, heimilsfastir hjer á landi, eiga sama framfærslurjett sem islenskir ríkisborgarar, meðan þeir dvelja hjer. Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurjett hjer á landi, þegar þeir fá islenskan ríkisborgararjett.

5. gr.

25. gr., 26. gr., 27. gr., 28. gr., 29. gr. og 30. gr. falli burt.

6. gr.

31. gr. orðist svo :

Maður, sem eftir framansögðu hefir öðlast framfærslurjett á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra rjettinda, sem bundin eru við ríkisborgararjett. En öðlist hann aftur ríkisborgararjett, þá á hann framfærslurjett í þeirri sveit, er hann kys að dvelja í.

7. gr.

32. gr. orðist svo :

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurjett hjer á landi samkvæmt framanskráðum ákvæðum, þurfandi fátækrastryrks hjer, og honum verður eigi visað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í dvalarsveit hans.

Nú er þess krafist frá útlöndum, að tekið verði hjer við framfærslu islensks ríkisborgara, og ráðherra álitur, að ekki verði komist hjá því að veita manni þeim viðtöku, og er þá rjett, að ráðherra vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kys.

8. gr.

Sveitarstyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í fjelagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldri, sem er á lífi, ef annað er dáðið, og því foreldri, sem það

er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

9. gr.

43. gr. orðist svo:

Styrkur úr sveitarsjóði skal ekki afturkræfur af styrkþega, ef ástæðurnar til styrkveitingar eru: Elli eða ómegð styrkþega, heilsuleysi eða slys hans eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri, eða atvinnuleysi hans.

Styrkur skal talinn veittur:

- a. Vegna elli, ef styrkþegi er fullra 60 ára að aldri.
- b. Vegna ómegðar, ef styrkþegi hefir 4 heimilisföst börn framfærsluskyld, er karlmaður á í hlut, en 1 barn skal talið ómegð, er kona á í hlut.
- c. Vegna slysa eða heilsuleysis, ef styrkþegi sannar með vottorði læknis eða tveggja skilríkra manna, þar sem ekki næst til læknis, að slys eða heilsuleysi hafi gert hann, eða fleiri en einn, sem hann hefir á skylduframfæri, ófæran til vinnu 3 mánuði í senn.
- d. Vegna atvinnuleysis, ef sveitar- eða bæjarfjélag getur ekki vísað styrkþega á vinnu, sem hann geti haft sjer og sinum til lífsviðurværis.

Þessi ákvæði skulu einnig gilda um sveitarstyrk, sem áður hefir verið veittur.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, hvenær sem er.

10. gr.

Fyrirsögnin á V. kafla: »Viðskifti sveitarstjórna« breytist í: Um styrkveitingar og niðurlögnun fátækra kostnaðar.

11. gr.

52. gr. orðist þannig:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit hans.

12. gr.

Á eftir 52. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Í lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en 1. febrúar næsta ár, sendir sveitarstjórn til atvinnumálaráðuneytisins yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem hún hefir haft á árinu, sannað með nægum skilríkjum. Atvinnumálaráðuneytið jafnar síðan á milli samanlögðum fátækra kostnaði allra sveita landsins á hverja sveit, að þriðjungii eftir íbúatölu, að þriðjung eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni í samanburði við samanlagt skattmat allra fasteigna í landinu, og að þriðjung eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitum í samanburði við samanlagðar tilsvarendi fjárhæðir á öllu landinu. Atvinnumálaráðuneytið innheimtir síðan eftirstöðvar fátækra kostnaðar hjá þeim sveitum, sem greitt hafa minna en þeim ber samkvæmt þessari niðurlögnun, og endurgreiðir þeim sveitum mismuninn, sem greitt hafa of mikið. Skal þeim innheimtum og endurgreiðslum lokið fyrir 1. júlí vegna undanfarandi árs.

13. gr.

53. gr. breytist svo:

a. Fyrsta málsgrein orðist svo:

Áður en sveitarstýrkur er veittur, skal — nema styrkspörfin sje svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unt er — sveitarstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra þurfalinginn með vottum, til þess að fá skýrsla um þessi atriði.

b. 1. liður orðist þannig:

Nafn, fæðingarstað og aldur þurfamannsins.

c. 2. liður falli burt.

14. gr.

54. gr., 55. gr., 56. gr., 57. gr., 58. gr., 59. gr., 60. gr., 61. gr., 62. gr., 63. gr. og 64. gr. falli burt.

Greinargerð.

Endurskoðun sú, sem fram fór á fátækralögum árið 1927, sneið ekki af þeim verstu gallana. Enn er það komið undir ályktun meiri hluta pólitískra bæjar- og sveitarstjórna, hvort menn, sem af ýmsum þeim óviðráðanlegum ástæðum hafa orðið að þiggja sveitarstyrk, hafi kosningarrjett. Enn eru þeir, sem orðið hafa að þiggja sveitarstyrk, oftsinnis hraktir landshornanna á milli á sveitarflutningi, og enn eru sveitarþyngslin svo mismunandi í sveitum og bæjum, að sumstaðar liggur við, að þau sligi sveitirnar, en annarsstaðar eru þau nær engin. Það mun vera viðurkent af flestum, að fátækralögin sjeu, eins og þau nú eru, mjög ranglát gagnvart þeim, sem hjálpa á, og einnig kemur mikið misrjetti fram milli sveitanna innbyrðis. Frv. þetta er fram komið til þess að ráða bót á helstu göllumum.

Rjettlátasta fyrirkomulagið er að gera alt landið að einu framfærsluumdæmi. Ekki virðist nauðsynlegt að gera svo mikið rask á skipan þessara mála nú í bili, að taka allan fátækrastryk úr rikissjóði og láta stjórnarvöld rikisins úthluta honum. Sveitarstjórnir og bæja geta eftir sem áður sjeð um þessi mál og fátækrastrykur verið tekinn úr bæjar- og sveitarsjóðum, ef svo er um búið, að hver maður geti styrk fengið, þar sem hann dvelur. Dvalarsveit verði framfærslusveit, en af því leiðir, að fátækraflutningur hverfur, og hinsvegar, að fátækrastrykrnum verði jafnað niður, svo að einstök sveitarfjelög verði ekki svo illa úti sem nú getur orðið.

Um 1.—8. gr.

Þessar breytingar stafa allar af því að dvalarsveit er gerð að framfærslusveit.

Um 9. gr.

Hjer er svo ákveðið, að þeir, er af sveit þiggja vegna elli, ómegðar,

slysa, heilsuleysis eða atvinnuleysis, sjeu ekki skyldir til að endurgreiða styrkinn, og eru svo græinileg ákvæði um þetta, að ekki þarf að leggja það undir dóm sveitarstjórnar, sem oft getur verið litaður af pólitískum flokkum.

Þá er og sveitarstjórn heimilað að gefa upp þeginn sveitarstyrk, hvernær sem er, en áður þurfi ekki að hafa liðið 2 ár, enda virðist sú tímatak-mörkun aðeins hafa verið gerð til þess að draga úr möguleikum þeirra, er af sveit hafa þegið, að fá atkvæðisrjett.

Um 10.—11. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Hjer er kveðið svo á, að atvinnumálaráðuneytið athugi fátækrakostnað í hverri sveit og jafni niður þeim kostnaði, sem er umfram meðaltal, á þær sveitir, sem hafa minna en meðaltal fátækrakostnaðar, eftir efnum og ástæðum, og virðist muni vera rjett að dæma um það eftir fasteignamati samanlögðu, skuldlausum eignum og íbúatölu í hverri sveit. Er auðvelt að reikna þetta út og koma þannig sæmilegu rjettlæti á.

Um 13. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 14. gr.

Fátækraflutningur legst niður af sjálfu sjer, ef frumvarpið verður samþykkt, og falla því þær greinar niður úr fátækralögum, sem fjalla um hann og reiptog hreppanna um framfærslusveit.